

Reglugerð nr. 30.1 um Meistaramót Íslands, aðahluta - utanhúss

1. Keppnisdagar

Keppnin skal fara fram á tveimur samliggjandi dögum. Stjórn FRÍ er heimilt að leyfa að mótið fari fram á þremur samliggjandi dögum.

2. Keppnisgreinar

Konur	Karlar
100 m hlaup	100 m hlaup
200 m hlaup	200 m hlaup
400 m hlaup	400 m hlaup
800 m hlaup	800 m hlaup
1500 m hlaup	1500 m hlaup
5000 m hlaup	5000 m hlaup
100 m gr.	110 m gr.
400 m gr.	400 m gr.
3000 m hindrunarhlaup	3000 m hindrunarhlaup
4x100 m boðhlaup	4x100 m boðhlaup
4x400 m boðhlaup	4x400 m boðhlaup
Hástökk	Hástökk
Langstökk	Langstökk
Þristökk	Þristökk
Stangarstökk	Stangarstökk
Kringlukast	Kringlukast
Spjótkast	Spjótkast
Sleggjukast	Sleggjukast
Kúluvarp	Kúluvarp

3. Helgun móts

Þá daga sem Meistaramót Íslands aðahluti fer fram, má ekki halda né standa að annarri frjálsíþróttakeppni nema með sérstöku leyfi FRÍ.

4. Stigagjöf

Stigakeppni á Meistaramóti Íslands, aðahluta, fer þannig fram að 1. sæti gefur 3 stig, annað sæti gefur 2 stig og þriðja sæti gefur 1 stig. Ef jafnt er þá, skal úrskurðað um sigurvegara eftir fjölda gullverðlauna, ef enn er jafnt, eru silfurverðlaun skoðuð, o.s.frv.

5. Verðlaun

1. Veita skal verðlaun fyrir fyrstu þrjú sætin í hverri keppnisgrein, gull, silfur og brons.
2. Einungis íslenskur ríkisborgari getur orðið Íslandsmeistari og átt tilkall til verðlauna.
3. Erlend gestapáttaka er heimil.
4. Birta skal yfirlit um fjölda gull-, silfur- og bronsverðlauna, sem hvert félag/samband vinnur. Fyrst skal raðað eftir fjölda gullverðlauna, ef jafnt er skal raðað eftir fjölda silfurverðlauna og loks skal raða eftir bronsverðlaunum á sama hátt.
5. Keppandi með besta löglega afrek í karlaflokki og kvennaflokki, samkvæmt stigatöflu World Athletics, skal fá sérverðlaun á mótinu.

6. Önnur ákvæði

1. Meistaramót Íslands skal að öllu öðru leyti fara fram eftir reglum World Athletics, að undanskildum gr. 25.5. í Sérkeppnisreglum FRÍ um auglýsingar á búningum.
2. Ekki eru takmörk á þátttakendafjölda frá einstökum félögum, en stjórn FRÍ getur ákveðið lágmark í einstökum keppnisgreinum. Skal sú ákvörðun vera tilkynnt ekki síðar en tveimur mánuðum fyrir mót.
3. Keppendur skulu keppa í félagsbúningi.
4. Raða skal í riðla í hlaupagreinum, skv. reglum World Athletics, að teknu tilliti til árangurs skráðra hlaupara í viðkomandi grein. Viðmiðunarárangur skal ekki vera eldri en sex mánaða þegar keppni fer fram. Ábyrgðin skal liggja hjá þeim aðila sem skráir keppandann í greinina.

Saga

1. Gefið út sem sérstök reglugerð 30.1 samkvæmt samþykkt þings 2024